

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála**
Dagsetning: **06.11.2018**
Málsnúmer: **FJR18080015**
Bréfalykill: **3.6**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum (verðlagsuppfærsla), þingskjal 4 – 4. mál.

Þann 24. október sl. barst fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrirspurn frá efnahags- og viðskiptanefnd vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum (verðlagsuppfærsla). Í minnisblaði þessu vill ráðuneytið koma á framfæri svörum við þeim spurningum nefndarinnar sem óskað var eftir, sbr. neðangreint.

1. Spurning nefndarinnar: Liggur fyrir að hækkun gjalda samkvæmt frumvarpinu endurspegli ekki aðeins hækkun verðlags, líkt og lagt er til í frumvarpinu, heldur einnig hækkun á raunkostnaði við veitingu þeirrar þjónustu sem liggur að baki gjöldunum?
Svar ráðuneytisins: Hækkun gjalda samkvæmt frumvarpinu endurspeglar einungis hækkun almenns verðlags en ekki hækkun á raunkostnaði við veitingu þeirrar þjónustu sem liggur að baki gjöldunum, nema sú þróun hafi verið í takt við almennar verðlagsbreytingar.
2. Spurning nefndarinnar: Hefur farið fram greining á kostnaði við þjónustu og gjaldtöku vegna hennar á grundvelli laga um aukatekjur ríkissjóðs? Ef svo er, óskar nefndin eftir að fá þá greiningu. Ef svo er ekki, óskar nefndin eftir upplýsingum um hvort slík greining sé fyrirhuguð.
Svar ráðuneytisins: Ekki hefur farið fram greining á kostnaði við þjónustu og gjaldtöku hennar fyrir hvert einstakt gjald í aukatekjulögunum. Að mati ráðuneytisins hefði slík greining mjög mikinn kostnað í för með sér sem vart verður unninn upp með hækkun á umræddum gjöldum. Hins vegar kann vel að vera þörf á því varðandi tiltekin afmörkuð gjöld sem vega þungt gagnvart almennungi. Dæmi eru um að slík greining hafi farið fram, t.d. í tengslum við útgáfu vegabréfa og ökuskrifteina. Ekki er fyrirhuguð almenn greining á aukatekjulögunum, a.m.k. ekki í bráð, en ekki er útilokað sú þörf komi upp á einhverjum tímamarki. Þar þarf hins vegar að vega saman kostnað við slíka greiningu og þann ávinning sem af hlýst.
3. Spurning nefndarinnar: Telur fjármála- og efnahagsráðuneytið skynsamlegt að miða breytingar á gjöldum við hækkun vísitölu neysluverðs, líkt og lagt er til í frumvarpinu, fremur en raunhækkun á þeim kostnaði sem fellur til vegna þeirra þjónustu sem veitt er á grundvelli gjaldsins?
Svar ráðuneytisins: Segja má að rökréttara væri að hækka/lækka hvert og eitt gjald í aukatekjulögunum um raunhækkun/lækkun kostnaðar sem að baki liggur, en uppfærsla í takt við almennar verðlagsbreytingar er hins vegar talin nægja til að viðhalda raungildi gjaldtökunnar. Á hinn bóginn væri eðlilegt að fara í gegnum lögin á einhverju árabili með það í huga að leiðrétta tilteknar gjaldskrár fyrir augljósum kostnaðarhækkunum.